



KRISTJÁN GUÐMUNDSSON

# Stutt ævilýsing

Sólveig Nikulásdóttir

1941 Kristján Guðmundsson er fæddur að Stórahrauni, Kolbeinsstaðahreppi á Snæfellsnesi þann 1. júní. Foreldrar hans eru Guðmundur Árnason, rammaður og listaverkasali, og Áslaug Sigurðardóttir, þá búsett í Reykjavík. Gengur hann þar í barnaskóla og síðan gagnfræðaskóla en hann unir sér illa í skólanum og flosnar upp frá námi 16 ára að aldri.

Í uppvexti hans eru listmálarar, ljóðskáld og tónlistarmenn til að gestir á heimilinu svo Kristján kynni snemma listheiminum. En aðspurður um hvernig hann lendir í myndlistinni segir hann: „Vinir mínir, Sigurður bróðir, Hreinn Friðfinnsson, Þórður Ben og fleiri voru í Handíðaskólanum um eða uppúr 1960 og voru að gefast upp á honum held ég og einhvern veginn datt ég inn í þetta líka.“<sup>1</sup>

1961 Klippir hár Dunganons hertoga af St. Kilda á verkstæði föður síns og er sleginn til riddara skömmu síðar. Hann hafði stuttu áður hitt hertogann á götu og skipt við hann á þremur tómum Coca-Cola flöskum og kettlingi. Gefur vini sínum kettlinginn.

1962 Hann ákveður að læra flug og fer í flugskólann Þyt: „... af því ég vissi ekki hvað ég átti af mér að gera á tímabili. En kannski er ekki svo slæmt fyrir manna að læra flugeðlisfræði eða siglingarfræði í staðinn fyrir

## Short biography

Sólveig Nikulásdóttir

1941 Born on June 1 at Stórahraun on the Snæfellsnes peninsula, west Iceland, to Guðmundur Árnason, picture framer and art dealer, and Áslaug Sigurðardóttir, then based in Reykjavík.

Kristján goes to school in the capital but doesn't enjoy the experience and leaves full-time education at 16.

During his childhood, artists, poets and musicians are regular guests at his family home, so Kristján comes into contact with the art world at an early age. When asked how he ended up an artist, however, he replies: "My friends, my brother Sigurður, Hreinn Friðfinnsson, Þórður Ben and others attended the Art School from around 1960 and were fed up with it, I think, and for some reason I ended up getting involved in art as well."<sup>1</sup>

1961 He cuts the hair of the self-styled Duke Dunganon of St. Kilda at his father's workshop and is dubbed a knight shortly afterwards. He had met the Duke on the street not long before and swapped him three empty Coca-Cola bottles for a kitten. He gives the kitten to a friend.

1962 He decides to learn to fly and attends the Þytur flying school: "... because I didn't know what to do with myself at the time. But perhaps it wasn't such a bad idea to learn flight dynamics and navigation instead of

módelteikningu, og svo stendur veðurfræðin náttúrulega alltaf fyrir sínu.”<sup>2</sup> Hann lýkur atvinnuflugmannsprófi í boklegum greinum en flýgur sama og ekkert vegna peningaleysis og hættir frekara flugnámi. Prófar ýmis störf: er kokkanemi í Lídó um tíma, stundar byggingarvinnu, fiskvinnslu og gæslu á Kleppi þar sem hann gefur konu í nefið og sprýr að nafni. Hún svarar með orðaflaumi sem hann nær ekki í fyrstu svo hún endurtekur nafn sitt sem er: „Drottinnogkónguroggudílagjafirogmyndirogvenusyndislegur”.

1963 Sigurður bróðir Kristjáns fer til listnáms í Hollandi. Um veturninn fer Kristján í heimsókn til hans í Amsterdam, dvelst þar í um mánaðartíma og líkar vel. Hann býr hjá Sigurði og Ineke konu hans. Þórður Ben Sveinsson er einnig í Amsterdam um þær mundir.

1964 Fer til Bandaríkjanna um sumarið og byrjar þar að gera smámyndir í einskonar poppstíl.

Hann dvelur á Spáni yfir veturninn. „Það var ekkert merkilegt við þá dvöl í myndlistarlegu tilliti. Þetta var skemmtilegur vetur en hann fór mest í að skoða mannlífið og kaffihúsaráp,” segir hann í viðtali við Rúri í Fréttabréfi SÍM 1987.<sup>3</sup>

1967 Kristján sýnir í fyrsta sinn opinberlega á samsýningunni UM'67 – Ungir myndlistarmenn í Laugardalshöll. Hann og Þórður Ben Sveinsson sýna þar samvinnuverk sitt „Royal System”.

1968 Hittir Solveigu Magnúsdóttur í Þjóðleikhúskjallaranum. Hún er þá 19 ára og er frá Vík í Mýrdal.

drawing life models, and meteorology naturally always stands for itself.”<sup>2</sup> He takes his commercial pilot's theory exam but gets very little flying experience due to lack of funds. He therefore decides to abandon his pilot studies. He then tries his hand at various jobs, working for a time as an assistant cook at the Lídó dance hall, on a building site, in a fish factory, and at Kleppur mental hospital where he offers a woman snuff and asks her name. She answers with a stream of words that he can't understand at first. Then she repeats her name which is: “Lordandkingandgodtoogiftsandpicturesandvenusdelightful.”

1963 Kristján's brother Sigurður goes to the Netherlands to study art. In the winter Kristján visits him in Amsterdam, stays for about a month and decides he likes it. During his visit he stays with Sigurður and his wife Ineke. Þórður Ben Sveinsson is also in Amsterdam at around this time.

1964 He goes to the USA during the summer and there begins to work on small pictures in a pop-art style.

He spends the winter in Spain. “There was nothing interesting about that visit from an artistic point of view. It was an enjoyable winter but most of it was spent people-watching and sitting in cafés,” he says in an interview in the SÍM Newsletter 1987.<sup>3</sup>

1967 Kristján exhibits to the public for the first time at the UM'67 (Young Artists) show at Laugardalshöll in Reykjavík. He and Þórður Ben Sveinsson show their joint work “Royal System”.

1968 He meets Solveig Magnúsdóttir at the Þjóðleikhúskjallarinn dance hall. She is 19 years old at the time and comes from the village of Vík í Mýrdal, south Iceland.

SÚM hópurinn er stofnaður af 8-10 ungum framsæknum listamönnum sem vilja leiða íslenska myndlist inn á nýjar og spennandi brautir. Listhugmyndir þeirra eru þó ólíkar innbyrðis og hópurinn markar sér enga samræmda, opinbera stefnu.

Kristján og Þórður Ben Sveinsson eru sendir út af örkinni til að finna húsnæði fyrir SÚM. Bakhús við Vatnsstíg verður fyrir valinu og um áramótin skrifar Kristján undir húsaleigusamning fyrir Gallerí SÚM. Það er Kristján sem á frumkvæði að því að myndaður er vinnuhópur um gallerið og menn leggja fram vinnu og peninga eftir getu til þess að koma því í framkvæmd.

Kristján segir síðar um félagsskapinn: „Við þurftum að gera eitthvað og sumir höfðu meiri trú og aðrir minni trú á að eitthvað væri hægt að gera. Við áttum kannski ekkert sameiginlegt nema uppreisnarandann og hrakhólatilfinninguna.“

Ásamt fleiri listamönnum í SÚM félagsskapnum verður Kristján fyrir áhrifum frá þýsk-svissneska listamanninum Dieter Roth sem býr á Íslandi um þær mundir og kynnist m.a. í gegnum hann Konkret poetry og bókinni sem listformi.

1968 Kristján heldur sína fyrstu einkasýningu á Mokkakaffi. Jón Gunnar Árnason ber í raun ábyrgð á henni því hann bókar Kristján þar án þess að láta hann vita. Verkin á þeirri sýningu eru í anda poplistarinnar en má þó strax greina í þeim tilfinningu listamannsins fyrir einföldun og kerfisbundnum vinnubrögðum sem síðar verður eitt höfuðeinkenni hans. Kristján segir sjálfur um hana: "...mér fannst það nokkuð vel heppnuð sýning – svona

In the same year the SÚM group is founded by eight to ten young avant-garde artists with the aim of leading Icelandic art down exciting new avenues. However, their individual approaches to art differ and the group draws up no uniform, public manifesto.

Kristján and Þórður Ben Sveinsson are set the task of finding accommodation for SÚM. A house on Vatnsstígur is eventually chosen and around the new year Kristján signs the lease for Gallery SÚM. On Kristján's initiative a working group is formed, with members contributing what work and money they can to make the gallery a reality.

He later says of the group: "We had to do something, but we had varying degrees of faith in the possibility that we could actually do something. We probably had nothing in common but the spirit of rebellion and a feeling of homelessness."

Along with several other artists from the SÚM group, Kristján comes under the influence of the German-Swiss artist Dieter Roth, then living in Iceland. Through him they become acquainted with Concrete Poetry and the concept of the book as a work of art.

1968 Kristján holds his first one-man show at Mokkakaffi in Reykjavík. This is actually Jón Gunnar Árnason's doing because he books Kristján in without telling him. The works shown are in the spirit of pop art but demonstrate the artist's feeling for simplification and systematisation, which later form two of his defining characteristics. Kristján himself says of the show: "... I thought it went quite well – it was both suitably clever

ISBN 9979-3-2215-2



9 789979 322153

Mál og menning

LISTASAFN REYKJAVÍKUR

